

Ársskýrsla

Grunnskóla Borgarfjarðar



2025 – 2026



Formáli.....	4
Inngangur	5
Hagnýtar upplýsingar	5
Skólastjórnendur	5
Nefndir og ráð	5
Skólaráð	5
Nemendaverndarráð	6
Áfallaráð	6
Eineltisteymi	6
Stjórn nemendafélags.....	6
Nemendafjöldi.....	7
Starfsmenn	7
Húsnæði.....	9
Skólalóð	10
Bókasafn	11
Skóladagatal og starfsáætlun	11
Samstarf heimila og skóla.....	13
Akstur	14
Áherslur í skólastarfi.....	14
Hlutverk	14
Framtíðarsýn	14
Einkunnarorð	14
Gildi.....	15
Heimaskóli menntavísindasviðs HÍ og HA	15
Leiðsagnarkennsla	15
Samstarf leik- og grunnskóla	15
Samstarf grunn- og menntaskóla	15
Samstarf grunn- og háskóla.....	15
Endurmenntun kennara	16
Námsmat	17
Innra mat	17
Viðfangsefni innra mats	17
Þróunarstarf og verkefnahópar	18



Skýrslur kennara.....	19
Yngsta stig.....	19
Hvanneyri	19
Kleppjárnsreykir.....	21
Varmaland	23
Miðstig.....	26
Unglingastig.....	28
Nemendafélag	30
Smiðjuhelgar.....	30



Formáli

Ársskýrsla Grunnskóla Borgarfjarðar kemur nú út í sextánda sinn. Skólinn hefur starfað í fimmtán ár eftir sameiningu og eru starfsstöðvar hans þrjár, á Hvanneyri, Kleppjárnsreykjum og Varmalandi. Skýrslan er send til sviðsstjóra fjölskyldusviðs Borgarbyggðar og fræðslunefndar. Hún er vistuð á vefsíðu skólans

<https://borgarbyggd.is/stofnun/gbf/sidur/skolinn/aaetlanir-og-skyrslur>

Markmið með útgáfu skýrslunnar er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem fer fram í Grunnskóla Borgarfjarðar, ásamt því að halda saman nauðsynlegum upplýsingum úr skólastarfinu. Hún mun nýtast sem góð heimild um skólastarfið í heild sinni frá ári til árs. Skýrsluna prýða ýmsar myndir úr skólastarfinu sem gefa lesendum innsýn í það, ásamt því að gera hana líflegri. Að gerð skýrslunnar koma: skólastjórnendur, kennarar og ritarar.



Inngangur

Skólastarfið hófst þegar starfsfólk mætti til starfa að loknu sumarleyfi þann 15. ágúst. Í upphafi dags var sameiginlegur starfsmannafundur og að honum loknum hófst undirbúningur skólastarfsins.

Fundað var með skólabílstjórum þar sem farið var yfir ýmis mál er tengjast skólaakstri, svo sem öryggismál, gæslu í skólabílum, tímaplön, akstursleiðir o.fl.

Skólasetning var 25. ágúst. Tímasetningar voru eftirfarandi: Á Hvanneyri kl. 9:30. Á Kleppjárnsreykjum kl. 11:00 og á Varmalandi var skólasetning kl. 13:00. Að lokinni skólasetningu var farið inn í bekkjardeildir þar sem kennarar voru með stuttar kynningar á skólanum og um væntanlegt skólastarf. Kennsla samkvæmt stundatöflu hófst 26. ágúst.

Hagnýtar upplýsingar

Skólastjórnendur

Helga Jensína Svavarsdóttir skólastjóri.

Ingibjörg Adda Konráðsdóttir aðstoðarskólastjóri og deildarstjórn á Kleppjárnsreykjum.

Anna Kristín Gunnarsdóttir deildarstjóri á Hvanneyri.

María Jónsdóttir deildarstjóri stoðþjónustu.

Sólrún Halla Bjarnadóttir deildarstjóri á Varmalandi.

Auk deildarstjórnar starfsstöðva voru stjórnendur með fagstjórn stiga. Ingibjörg Adda var fagstjóri mið- og unglingastigs, Sólrún Halla fagstjóri ÍSAT kennslu og Anna Kristín með fagstjórn yngsta stigs.

Nefndir og ráð

Skólaráð

Í skólaráði sitja skólastjóri, tveir fulltrúar kennara, tveir fulltrúar nemenda og þrír fulltrúar foreldra en einn fulltrúi foreldra er jafnframt fulltrúi grenndarsamfélags. Skólaráð fundaði þrisvar sinnum á þessu skólaári.

Í skólaráði fyrir skólaárið 2025-26 voru:

Helga Jensína Svavarsdóttir fulltrúi stjórnenda

Kristín Kristjánsdóttir fulltrúi starfsmanna

Þóra Magnúsdóttir fulltrúi kennara

Anna Helga Sigfúsdóttir fulltrúi kennara

Georg Guðnason fulltrúi nemenda

Baldur Karl Andrason fulltrúi nemenda

Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir fulltrúi foreldra nemenda á Hvanneyri

Elsa Þorbjarnardóttir fulltrúi foreldra nemenda á Kleppjárnsreykjum

Arnaldur Jón Gunnarsson fulltrúi foreldra nemenda á Varmalandi



Nemendaverndarráð

Í nemendaverndarráði sitja skólastjórnendur, námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur og fulltrúi skólaþjónustu. Ráðið fundar einu sinni í mánuði.

Í nemendaverndarráði skólaárið 2025-26 voru:

Helga Jensína Svavarsdóttir skólastjóri

Ingibjörg Adda Konráðsdóttir aðstoðarskólastjóri

Anna Kristín Gunnarsdóttir deildarstjóri

María Jónsdóttir deildarstjóri sérkennslu

Sólrún Halla Bjarnadóttir deildarstjóri

Kristjana Bjarklind Sigurðardóttir námsráðgjafi

Lára María Karlsdóttir hjúkrunarfræðingur fram að áramótum en þá tók Dagný

Hjálmarsdóttir hjúkrunarfræðingur við hennar sæti.

Fjóla Benediktsdóttir verkefnastjóri hjá skólaþjónustu

Silja Rut Jónsdóttir sálfræðingur

Fulltrúi frá Barnavernd

Foreldrafélag

Sameiginlega yfirstjórn Foreldrafélags GBF skipa

Hafdís Jóhannsdóttir formaður

Karin Johanna Knutsson gjaldkeri

Sævar Birgir Ólafsson ritari

Elsa Þorbjarnardóttir varamaður

Lára Lárusdóttir varamaður

Erla Rún Rúnarsdóttir varamaður

Þau kalla alla bekkjartengla saman og fara yfir hlutverk þeirra og hvetja til samstarfs.

Áfallaráð

Í áfallaráði situr námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur, skólastjóri og stjórnandi þeirrar deildar sem málið varðar. Auk þeirra er sóknarprestur viðkomandi sóknar ráðinu til stuðnings.

Eineltisteymi

Í eineltisteymi sitja skólastjórnendur, námsráðgjafi og umsjónarkennari þeirra nemenda sem málið varðar.

Stjórn nemendafélags

Í stjórn nemendafélags GBF skólaárið 2025-26 voru:

Guðmundur Þór Eggertsson formaður

Sesselja Narfadóttir

Þórdís Inga Bjarnadóttir tók við af Stefáni Jósef Hafðísarsyni

Helga Laufey Hermannsdóttir

Baldur Karl Andrasen



Nemendafjöldi

Við upphaf skólaársins 2025-2026 voru nemendur skólans 172 en við lok 164.

Bekkur	Hvanneyri			Kleppjárnsreykir			Varmaland			Grunnskóli Borgarfjarðar
	Drengir	Stúlkur	Samtals	Drengir	Stúlkur	Samtals	Drengir	Stúlkur	Samtals	Nemenda-fjöldi haust 2025
1.		1	1	2	10	12		1	1	14
2.	4	3	7	4	1	5	5	6	11	23
3.	6	3	9	6		6	4	4	8	23
4.	3	2	5	5	1	6	2	5	7	18
5.	4	1	5	4	5	9				14
6.				7	12	19				19
7.				7	6	13				13
8.				5	10	15				15
9.				12	5	17				17
10.				412	4	16				16
Samtals	17	10	27	64	54	118	11	16	27	172

Bekkur	Hvanneyri			Kleppjárnsreykir			Varmaland			Grunnskóli Borgarfjarðar
	Drengir	Stúlkur	Samtals	Drengir	Stúlkur	Samtals	Drengir	Stúlkur	Samtals	Nemenda-fjöldi vor 2026
1.		1	1	2	10	12		1	1	14
2.	4	3	7	4	1	5	5	6	11	23
3.	5	3	8	6	1	7	4	4	8	23
4.	3	2	5	4	1	5	2	5	7	17
5.	4	1	5	3	5	8				13
6.				6	13	19				19
7.				7	4	11				11
8.				4	8	12				12
9.				12	5	17				17
10.				10	5	15				15
Samtals	16	10	26	58	53	111	11	16	27	164

Á Hvanneyri var kennt í tveimur bekkjardeildum þ.e. samkennt í 1. - 3. bekk og 4. – 5. bekk.

Á Kleppjárnsreykjum var kennt í fjórum bekkjardeildum þ.e. samkennt í 1. - 2. bekk, 3. – 4. bekk, 5. - 7. bekk og 8. - 10. bekk.

Á Varmalandi var kennt í tveimur bekkjardeildum, þ.e. samkennt í 1. – 2. bekk og 3. – 4. bekk.

Starfsmenn

Anna Dís Þórarinsdóttir	Kennari	Skólaþróttir og umsjónarkennsla	100%
Anna Helga Sigfúsdóttir	Kennari	Umsjónarkennari	100%



Anna Kristín Gunnarsdóttir	Deildarstjóri		100%
Auður Eiðsdóttir	Iðjuþjálfari		80%
Ásdís Ýrr Einarsdóttir	Skólaliði		90%
Benedikt Jósef Huber	Stuðningsfulltrúi		82%*
Birna Sigurlaug Magnúsdóttir	Stuðningsfulltrúi		85%*
Bjarney Bjarnadóttir	Kennari	Sérkennsla	76%
Dagný Pétursdóttir	Matráður		75,5%
Dariia Mysiura	Skólaliði og stuðningsfulltrúi		92%
Elena Lobko	Kennari	8. - 10. bekkur	100%
Erna Sigurðardóttir	Leiðbeinandi	3. - 4. bekkur	100%
Eva Lind Jóhannsdóttir	Kennari	List- og verkgreinar	80%
Guðjón Guðmundsson	Kennari	Skólaíþróttir	100%
Guðný Jórunn Gunnarsdóttir	Kennari	5. - 7. bekkur	100%
Guðrún Andrea Einarsdóttir	Kennari	1.- 2. bekkur	100%
Guðrún Steinunn Guðbrandsdóttir	Kennari	List- og verkgreinar	100%
Halldóra Ingimundardóttir	Bókavörður/ritari		100%
Helga Björg Valgeirsdóttir	Matráður		86,5%
Helga Jensína Svavarsdóttir	Skólastjóri		100%
Helle Larsen	Stuðningsfulltrúi		76%
Hermann B. Valsson	Kennari	5. - 7. bekkur	100%
Hrefna Esther B. Þorbjarnard.	Stuðningsfulltrúi og skólaliði		66%
Ingibjörg Adda Konráðsd.	Aðstoðarskólastjóri		100%
Kerstin Geiger	Proskapjálfi		100%
Kristín Kristjánsdóttir	Skólaritari og aðstoðarmatráður		70%
Kristjana Bjarklind Sigurðardóttir	Námsráðgjafi		40%
Kristján Richard Thors	Matráður		73,2%
Lara Becker	Stuðningsfulltrúi		70%
Lára Kristín Gísladóttir	Kennari	ÍSAT kennsla og list- og verkgreinar	80%



Linda Rún Pétursdóttir	Leiðbeinandi	Skólaíþróttir	31%*
Magnea Helgadóttir	Kennari	Íslenska 8.-10.	67,3%
María Jónsdóttir	Deildarstjóri stoðþjónustu		100%
Ólafur Daði Birgisson	Leiðbeinandi	ÍSAT kennsla	50%
Ólöf Máney Ásmundsd.	Stuðningsfulltrúi		80%*
Ragnheiður Kr. Grétarsdóttir	Leiðbeinandi	3. - 4. bekkur	100%
Ragnhildur Anna Ragnarsd.	Yfirmatráður		100%
Ragnhildur Steinunn Ólafsdóttir	Aðstoðarmatráður		80%
Serhii Kovalchuk	Stuðningsfulltrúi		58,5%
Sigríður Alda Björnsdóttir	Stuðningsfulltrúi		71,6%
Sigurður Hallbjörn Valgeirss	Stuðningsfulltrúi		66%*
Sigurður Hannes Sigurðsson	Stuðningsfulltrúi		82%
Sólrún Halla Bjarnadóttir	Deildarstjóri		100%
Sveinn Svavar Hallgrímss.	Stuðningsfulltrúi		45%*
Sæunn Elfa Sverrisdóttir	Bókavörður og skólaliði		75%
Sæunn Ósk Kjartansdóttir	Kennari	5. – 7. bekkur	100%
Unnar Þorsteinn Bjartmarss.	Kennari	Verkgreinar	50%
Unnur Jónsdóttir	Kennari	1. - 2. bekkur	100%
Valeriia Tykalo	Skólaliði og stuðningsfulltrúi		55,8%
Vigdís Sigvaldadóttir	Kennari	8. - 10. bekkur	100%
Þóra Geirlaug Bjartmarsd.	Kennari	8. – 10. bekkur	100%
Þóra Magnúsdóttir	Kennari	Upplýsingatækni	100%
Þórunn Jóna Kristinsdóttir	Skólaliði og stuðningsfulltrúi		100%
Þuríður Ketilsdóttir	Stuðningsfulltrúi		83%

*Var við störf hluta úr vetri

Húsnæði

Hvanneyri

Kennsla fer fram í tveimur byggingum, barnaskólanum og íþróttahúsi Landbúnaðarháskólans. Í barnaskólanum eru þrjár almennar kennslustofur, myndmenntarstofa, tvö minni



kennslurými, bókasafn, starfsmannaaðstaða og eldhús. Íþróttakennsla fer bæði fram utan dýra og í íþróttahúsinu. Sundkennslan fór fram í Hreppslaug. Nemendur borða hádegismat í holi í anddyri skólans. Frístund er starfrækt í skólahúsnæði eftir skólatíma til kl. 16:00.

Kleppjárnareykir

Kennsla fer fram í þremur byggingum; í grunnskólanum, smáhýsi við skólann og í íþróttahúsinu á Kleppjárnareykjum. Í vetur var nýtt húsnæði grunnskólans tekið í notkun, tvær kennslustofur í september og um áramót öll nýbyggingin. Í henni eru 4 kennslustofur auk matsalar og bókasafns. Einnig eru tvö kennslurými sem Listaskóli Borgarfjarða nýtir, rými fyrir minni námshópa, félagsaðstaða nemenda, starfsmannaaðstaða, bókasafn og mötuneyti. Í eldri hluta skólahúsnæðisins eru 4 kennslustofur, kennslueldhús og aðstaða til tónlistarkennslu og sérkennslu eða kennslu minni námshópa. Í smáhýsinu fer fram mynd- og textílmenntar kennsla en smíðakennslan fer fram í færanlegri kennslustofu. Í íþróttahúsinu fer fram öll íþróttakennsla og sundkennsla í sundlauginni við íþróttahúsið. Frístund er starfrækt í skólahúsnæðinu eftir skólatíma til kl. 16:00.

Varmaland

Kennsla fer fram í tveimur byggingum: í grunnskólanum og í íþrótt- og félagsheimilinu Þinghamri. Almenn kennsla fer fram í grunnskólanum í tveimur kennslurýmum en þar er einnig skólasafn, textíl- og myndmenntastofa, starfsmannaaðstaða, skrifstofa ritara og mötuneyti. Í Þinghamri er íþróttasalur, sundlaug, smíðastofa og aðstaða fyrir heimilisfræðikennslu. Frístund er starfrækt í skólahúsnæðinu eftir skólatíma til kl. 16:00.

Skólalóð

Hvanneyri

Skólalóðin er miðsvæðis og liggur ekki að umferðargötum. Lóðin er að mestu leyti mól en hellulagt er frá inngangi að steypa vellinum og í kringum rólur eru gúmmímottur. Á lóðinni er góður gervigrasvöllur og steypur körfubolta/fótboltavöllur. Einnig eru klifurgrind, kastali, pannavöllur, ærslabelgur og aparóla. Í nágrenni skólans er svæði sem er nýtt sem útinámssvæði skólans. Það kallast Skjólbeltin og hefur verið nýtt í samstarfi við leikskólann Andabæ og Landbúnaðarháskólann. Þar er grasflöt umlukin trjám og þar er svið, fuglaskoðunarkofi og yfirbyggt eldstæði.

Kleppjárnareykir

Skólalóðin hefur tekið breytingum þar sem bílastæðin voru tekin undir leiksvæði. Þar er pannan og körfuboltavöllur. Í porti sem myndast af skólabyggingunni eru leiktæki og í kringum þau gúmmímottur. Utar er stór gras-fótboltavöllur og grasflatir umhverfis skólann sem nýtast sem leiksvæði. Einnig er sparkvöllur við íþróttahúsið. Skólinn hefur einnig til umráða gamalt tún í næsta nágrenni kallað Læknistún og þar hefur verið unnið að aðstöðu fyrir útikennslu með byggingu smáhýsis og gerð eldstæðis. Þar hafa einnig verið gróðursettar plöntur til skjólmyndunar. Vegna framkvæmda hefur þrengt að skólalóðinni og einnig aðstöðu til úti-íþróttakennslu.



Varmaland

Umhverfis bygginguna eru skjólgóð svæði með grasflötum, stétt, svæði með leiktækjum, pannavelli og körfuboltavelli. Skammt frá skólanum er gras fótboltavöllur, strandblaksvöllur og frjálsíþróttasvæði. Náttúrulegt umhverfi skólans, skógur og hnjúkurinn hentar vel til útivistar og útináms en einnig er leiksvæði í skóginum og aðstaða til útináms og gott eldstæði til útieldunar.

Bókasafn

Markmið bókasafna skólans er að styðja sem best við allt það starf sem fram fer í skólanum. Á söfnunum er mikið úrval bóka sem nýtist bæði nemendum og kennurum við nám og starf í skólanum. Einnig er leitast við að það sé aðlaðandi, rólegt og notalegt að vera. Bókaverðir eru á öllum deildum, samtals í 80% stöðuhlutfalli en þeir sjá um allt utan umhald á safnkosti; innkaup, skráningu, frágangi og útlánum og sinnir einnig innkaupum og skráningu á námsbókum. Nemendur eru mjög duglegir að koma og skoða og fá sér bækur en reynt er að vera með nýjar bækur reglulega sem hæfa öllum aldri.

Tekist hefur að gera bókasafnið að þeim stað sem gott er að koma. Á vormánuðum komu nýjar bókahillur á Kleppjárnsreyki og Varmalandi. Flutningur bóka úr gamla matsalnum yfir í nýja bókasafnið á Kleppjárnsreykjum hófst í marsmánuði. Kennarar sjá um hefðbundin lestrarátök og yndislestur. Gott samstarf er á milli deilda og við Héraðsbókasafnið um lán á bókum ef þarf.

Forlagið blés til bókamessu um miðjan nóvember eins og undan farin ár og bauð öllum skólabókasöfnum að koma í Laugardalinn í þetta sinn til að kaupa nýju jólabækurnar á verulegum afslætti. Margir bókahöfundar voru á staðnum og kynntu bækur sínar. Mjög skemmtilegt framtak og vel sótt. GBF hefur veitt ríflegt fjármagn til bókakaupa undanfarin ár til að kaupa nýjar bækur fyrir skólann. Bókakvótinn er svipaður og í fyrra. Tekist hefur að kaupa vinsælustu barna- og unglingabækurnar.

Halldóra Ingimundardóttir, Sæunn Elfa Sverrisdóttir og Þóra Magnúsdóttir.

Skóladagatal og starfsáætlun

Skóla- og viðburðadagatal skólaársins 2025-2026 má sjá á heimasíðu skólans sem og starfsáætlun skólans.



Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2025 - 2026

Nafn skóla:

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ
1. F	1. M	1. M	1. L	1. M	1. F	1. S	1. S	1. M	1. F	1. M
2. L	2. Þ	2. F	2. S	2. S	2. F	2. M	2. M	2. F	2. L	2. Þ
3. S	3. M	3. F	3. M	3. M	3. L	3. Þ	3. Þ	3. F	3. M	3. S
4. M	4. F	4. L	4. F	4. F	4. S	4. M	4. M	4. L	4. M	4. F
5. Þ	5. S	5. S	5. S	5. S	5. M	5. F	5. F	5. S	5. Þ	5. F
6. M	6. L	6. M	6. F	6. L	6. Þ	6. M	6. F	6. M	6. S	6. L
7. F	7. S	7. Þ	7. M	7. S	7. M	7. L	7. L	7. M	7. F	7. S
8. F	8. M	8. M	8. L	8. M	8. F	8. S	8. S	8. M	8. F	8. M
9. L	9. Þ	9. F	9. S	9. S	9. F	9. M	9. M	9. F	9. L	9. Þ
10. S	10. M	10. F	10. M	10. M	10. L	10. Þ	10. Þ	10. F	10. S	10. M
11. M	11. Þ	11. L	11. Þ	11. F	11. S	11. M	11. M	11. L	11. M	11. F
12. Þ	12. F	12. S	12. M	12. F	12. M	12. F	12. F	12. S	12. Þ	12. F
13. M	13. L	13. M	13. F	13. S	13. Þ	13. M	13. M	13. L	13. M	13. L
14. F	14. S	14. Þ	14. F	14. S	14. M	14. L	14. L	14. M	14. F	14. F
15. F	15. M	15. M	15. L	15. M	15. F	15. S	15. S	15. M	15. F	15. M
16. L	16. Þ	16. F	16. S	16. M	16. Þ	16. M	16. M	16. L	16. M	16. Þ
17. S	17. M	17. F	17. M	17. M	17. L	17. Þ	17. Þ	17. F	17. S	17. M
18. M	18. Þ	18. L	18. F	18. S	18. M	18. L	18. L	18. M	18. F	18. F
19. Þ	19. F	19. S	19. M	19. F	19. M	19. F	19. F	19. S	19. Þ	19. F
20. M	20. L	20. M	20. F	20. S	20. Þ	20. M	20. M	20. L	20. M	20. L
21. F	21. S	21. Þ	21. M	21. F	21. M	21. L	21. L	21. M	21. F	21. S
22. F	22. M	22. M	22. L	22. M	22. F	22. S	22. S	22. M	22. F	22. M
23. L	23. Þ	23. F	23. S	23. M	23. M	23. F	23. F	23. S	23. Þ	23. Þ
24. S	24. M	24. F	24. M	24. M	24. L	24. Þ	24. Þ	24. F	24. S	24. M
25. M	25. F	25. L	25. F	25. S	25. M	25. L	25. L	25. M	25. F	25. F
26. Þ	26. S	26. M	26. F	26. M	26. M	26. F	26. F	26. S	26. Þ	26. F
27. M	27. L	27. M	27. F	27. S	27. Þ	27. M	27. M	27. L	27. M	27. L
28. F	28. S	28. Þ	28. M	28. F	28. M	28. L	28. L	28. M	28. F	28. F
29. F	29. M	29. F	29. M	29. M	29. F	29. S	29. S	29. M	29. F	29. M
30. L	30. Þ	30. L	30. F	30. S	30. M	30. F	30. F	30. S	30. Þ	30. Þ
31. S		31. F	31. M	31. M	31. L				31. S	

Mánuður	Viðburðir nemenda
Ágúst/ september	- Réttarferðir í Oddstaðarétt og Þverárrétt - Kosið í nemendaráð - Hópeflisferð – unglingastig - Námsefniskynningar – menntabúðir - Starf bekkjartengla skipulagt - Yngsta- og miðstigs leikar - Samtal við foreldra - Fjölgreindarleikar - Samstarf við leikskólana skipulagt
Oktober	- Reykjaferð 7. bekkjar - Vindáshlíð 9. bekkjar - Smiðjuhelgi - Barnamenningarhátíð - Samstarfsdagur með MB - Forvarnardagurinn - Hrekkjavaka
Nóvember	Dagur gegn einelti



	- Dagur íslenskrar tungu - Þemadagar - Þjóðfundur með foreldrum - Ljósahátíð á Kleppjárnsreykjum
Desember	- Kaffihúsadagur á Hvanneyri - Vinakeðja mynduð á Varmalandi - Jólaföndur - Helgileikur á Hvanneyri - Litlu jólin
Janúar	- Söngvarakeppni 4. - 10. bekkur - Samtal við foreldra
Febrúar	- Öskudagsgleði - Vetrarfrí
Mars	- Skauta- og menningarferð 4. - 5. bekkjar - Menningarferð í Borgarnes 1.-3. bekkjar - Stóra upplestrarkeppnin 7. bekkur - Samstarfsdagur með MB - Þemadagar - Árshátíðir nemenda - Skíðaferð 7. - 10. bekkjar
Apríl	- Lyngbrekkuball samstarfsskóla - Dans og félagsfærninámskeið - Smíðjuhelgi - Skólahreysti
Maí/ júní	- Barnamenningarhátíð - Samstarfsdagur/uppbrot deilda - Starfskynningar 10. bekkjar - Sérstaða sveitaskóla 8.og 9.bekkur - Vorferð 1. - 6. bekkjar

Samstarf heimila og skóla

Samkvæmt lögum á að vera starfandi skólaráð við skólann. Í því sitja skólustjóri auk 8 einstaklinga sem sitja tvö ár í senn, sjá nöfn fulltrúanna undir kaflanum *Nefndir og ráð* hér að

ofan. Skólaráðið er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólastarf. Skólaráðið fundaði þrisvar sinnum á skólaárinu.

Stjórn foreldrafélagsins fundaði með stjórnendum að hausti þar sem farið var yfir hlutverk og starfsemi foreldrafélags skólans. Lagt var upp með að bekkjartenglar hvers bekkjar myndu gera eitthvað með hópnum einu sinni til tvisvar sinnum yfir veturinn. Skólinn nýtur mikils velvilja í nærsamfélaginu, fyrir það ber að þakka.

Akstur

Stór hluti nemenda skólans kemur og fer með skólabílum. Umsjónarmenn leiða eru: Hálsasveit og Hvítársíða, Stafholtstungur/Þverárhlið og tómstundarúta frá Varmalandi: Ben og félagar. Andakílsleið, Hvanneyrarleið, Lundarreykjadalur/Bæjarsveit, Reykholtssdalur að norðan og Skorradalur: Dagleið. Bifröst og Norðurárdalur: Sigurður Ingi Þorsteinsson. Hvítársíða og Reykholtssdalur að hluta: Einar Pálsson.

Áherslur í skólastarfi

Hlutverk

Hlutverk Grunnskóla Borgarfjarðar, í skipulagðri samvinnu við heimilin og samfélagið, er að:

- stuðla að vellíðan, alhliða þroska og heilbrigði nemenda,
- veita nemendum tækifæri til alhliða menntunar, bæði hugar og handa,
- efla gagnrýna hugsun nemenda, lífsgleði og jákvæða sjálfsmynd,
- undirbúa nemendur fyrir virka þátttöku í lýðræðislegu þjóðfélagi, með sjálfstraust og áráðni til að hafa áhrif á þróun samfélagsins.

Framtíðarsýn

Grunnskóli Borgarfjarðar útskrifar metnaðarfulla nemendur, sem nýta styrkleika sína til að ná árangri. Skólinn er sérstaklega sterkur á sviði lýðheilsu, lífsleikni, list- og verkgreina, með tengingu við náttúru, arfleifð, menningu og sögu heimasvæðisins. Skólinn eykur fjölbreytni sína í gegnum ólíkar starfsstöðvar, sem standa og vinna saman að stöðugt betri árangri.

Einkunnarorð

Einkunnarorð skólans eru *gleði, heilbrigði og árangur*. Hugtökin þrjú lýsa best skólastarfi GBf og við hverju nemendur mega búast innan hans.

Gleði vísar til þeirra jákvæðu viðhorfa sem skólinn vill að nemendur hafi til námsins og skólans og sé um leið lýsandi fyrir ríkjandi samskiptaform. Án gleðinnar er erfitt fyrir nemendur að ná þeim góða árangri sem skólinn væntir af þeim.

Heilbrigði, vísar til andlegs og líkamlegs heilbrigðis sem er lykilþáttur nemenda til að ná árangri. Skólinn leggur sitt af mörkum til að auka heilbrigði nemenda með daglegri, skipulagðri hreyfingu og hollum mat í mötuneytinu.

Árangur vísar til þess árangurs nemenda sem skólinn vill að hver einstaklingur nái bæði í námi og á félagslega sviðinu.

Það er von skólans að nemendur upplifi veru sína í skólanum eftir einkunnarorðum hans. Stefna skólans er einstaklingsmiðað nám með áherslu á útinám og hreyfingu, sjá nánar á heimasíðu skólans www.gbf.is

Gildi

Við:

- berum virðingu fyrir sjálfum okkur, öðrum og umhverfinu
- tökum ábyrgð á því sem við gerum og segjum
- ástundum heiðarleg og réttlát samskipti, byggð á gagnkvæmu trausti
- göngum með gleði og jákvæðu hugarfari til leiks og starfs
- stöndum saman og vinnum saman
- sýnum umburðarlyndi og kærleika í samskiptum
- erum metnaðarfull, skipulögð og öguð í öllu sem við gerum
- gætum fyllsta trúnaðar um málefni annarra
- hvetjum til heilbrigðs lífnis

Heimaskóli menntavísindasviðs HÍ og HA

Skólinn veitir nemum í B.Ed. og M.Ed. námi við Menntavísindasvið HÍ og HA aðgang að skólanum til að vinna þar þau verkefni sem tengjast vettvangi. Verkefnin felast m.a. í æfingakennslu, kynningarheimsóknum, þátttöku í undirbúningi og framkvæmd kennslu, athugunum á skólastarfi o.fl. Kennarar skólans taka þátt í mati á frammistöðu nema og leiðbeina þeim á vettvangi.

Leiðsagnarkennsla

Í vetur var einn nemi í vettvangsnámi á Hvanneyri.

Samstarf leik- og grunnskóla

Deildarstjórar ásamt umsjónarkennurum sáu um samskipti við leikskólana í skólahverfinu: Andabæ, Hnoðraból og Hraunborg.

Mikið samstarf var skipulagt í vetur og voru settar niður heimsóknir 1x-2x í mánuði á hverjum stað.

Samstarf grunn- og menntaskóla

Menntaskóli Borgarfjarðar í samstarfi við Borgarbyggð hefur boðið grunnskólanemendum í Borgarbyggð að stunda fjarnám við skólann. Í haust og vor fóru nemendur á unglingastigi í heimsókn í Menntaskólann þar sem tekið var þátt í smíðjum. Skólameistari MB kom einnig í skólann ásamt nokkrum nemendum sínum og kynnti námið fyrir nemendum á unglingastigi.

Samstarf grunn- og háskóla

Um árábil hefur þróast ákveðin samvinna milli leik-, grunn- og háskólans á Hvanneyri. Samvinnan felst m.a. í því að nemendur fá að: vinna í gróðurhúsi, heimsækja fjós og Landbúnaðarsafn, nota svæði við skjólbelti, skoða listaverk Landbúnaðarháskóla Íslands, taka á móti skólahóp leikskólans og fá boð á viðburði í skólanum. Í maí 2009 var undirritaður samstarfssamningur sem fékk nafnið *Lengi býr að fyrstu gerð*. Sá samningur var endurbættur í maí 2019 í tengslum við nýja aðalnámskrá grunnskóla. Skóli er hluti af samfélaginu og hlutverk hans felst ekki síst í því að leiða nemendur inn í þetta samfélag, gera þá meðvitaða um störfin sem þar eru unnin og hvernig það sem þeir læra tengist störfunum.



Endurmenntun kennara

Almennt er endurmenntun áætlaður tími utan skipulagðs starfsramma skólaársins þ.e. 15. júní - 15. ágúst alls 150 klst en hún má einnig fara fram á starfstíma skóla og er þá háð samkomulagi við viðkomandi kennara. Ef endurmenntun er flutt á starfstíma skóla og fer fram eftir að vinnutíma lýkur reiknast 33% álag á virkum dögum en 45% um helgar og fækkar þá tímum í samræmi við það. Þetta þýðir að 1 klst er 1,33 á starfstíma skóla, því gengur kennarinn hraðar á þá tíma sem varið er í endurmenntun á starfstíma skóla en utan hans.

Hvað telst til endurmenntunar

- Hvers kyns formlegt nám í viðurkenndum menntastofnunum
- Námskeið sem standa einn dag eða lengur, þar sem með skipulegum hætti er miðlað fræðslu og upplýsingum er snertir afmarkaða þætti skólastarfseminnar
- Styttri fræðslufundir þar sem ákveðnum upplýsingum og fræðslu er komið á framfæri
- Styttri eða lengri kynnisferðir starfsmanna þar sem horft er til umbóta og þróunar á ákveðnu sviði

Endurmenntun starfsmanna má í stórum dráttum skipta í tvennt:

- Starfsþróunaráætlun, ákvörðuð af skólastjórnendum og í samræmi við áherslur í þróun skólastarfsins á hverjum tíma. Markhópurinn getur verið allir starfsmenn, allir kennarar eða minni hópar starfsmanna, eftir eðli málsins
- Endurmenntun sótt af einstökum starfsmönnum, samkvæmt eigin óskum og/eða í samráði við skólastjórnendur

Starfsfólk Grunnskóla Borgarfjarðar sótti eftirfarandi námskeið á skólaárinu 2025-2026:

- Byrjendalæsi - Byrjenda- og framhaldsnámskeið
- Leiðsagnarnám - þróunarverkefni til þriggja ára
- Fagleg forysta - Námskeið stjórnenda til eins árs
- Skólaþróunarráðstefna í Stekkjaskóla
- Endurmenntunarnámskeið fyrir matráða
- Sálræn fyrsta hjálp fyrir börn
- Jafningjanámskeið í Mentor, Leiðtoganum í mér o.fl.
- Fræðsla um ONE system
- Tengiliðanámskeið
- Fræðslufundir Byrjendalæsis
- Fræðsla um Matsferil
- Námsstefna Skólastjórafélags Íslands
- Fræðsla um menningarmót
- Fræðsla um farsæld
- Fræðsla um áfallamiðaða nálgun
- Skyndihjálparnámskeið
- Fræðsla á vegum Skólastjórnendafélags Vesturlands



Námsmat

Grunnskóli Borgarfjarðar hefur ákveðið að vinna eftir hæfni-og matsviðmiðum aðalnámskrár en ekki að búa til eigin matsviðmið. Nemendur eru metnir út frá hæfni sem krefst þess að kennarar merki við stöðu nemenda í mismunandi hæfni-og matsviðmiðum.

Á öllum stigum er stuðst við matskvarðann A, B+, B, C+, C og D.

Hæfniviðmið lýsa hæfni en matsviðmið segja til um hversu vel nemandi hefur viðkomandi hæfni á valdi sínu. Hæfnikort nemenda á að sýna hvaða hæfni nemandi á að búa yfir í hverri grein, fyrir hvert aldurstig eða ár og hæfnikortið á að vera grundvöllur fyrir námsmat. Nemendur munu koma til með að eiga hæfnikort fyrir hvert námsár í öllum greinum. Kennari skipuleggur kennslu síðan út frá hæfnikortum og metur hvar nemandinn er staddur. Með því er hægt að sjá styrkleika nemandans og einnig greina hvaða hæfniviðmið nemandinn þarf að vinna betur með til að bæta sig.

Með matsviðmiðum fæst leiðsögn fyrir kennara, nemendur og foreldra um hvaða hæfni nemanda liggur að baki hverju mati. Samtal umsjónarkennara, foreldra og nemenda á að leiða til umræðu um framvindu og leiðir.

Innra mat

Viðfangsefni innra mats

Skólar skila af sér sjálfsmatsáætlun fyrir þrjú ár í senn. Sjálfsmatsskýrsla er unnin á hverju vori og er aðgengileg á heimasíðu skólans. Hér fyrir neðan má sjá áætlun um framvindu á matsviðmiðum í tengslum við BRAVOLesson sem gildir til þriggja ára og verður hún endurmetin á hverju vori. Í samráði við Sviðsstjóra fjölskyldusviðs og stjórnendur Grunnskólans í Borgarnesi var ákveðið að kaupa þjónustu frá BRAVOLesson. BRAVOLesson er vefkerfi sem er hannað til að meta gæði skólastarfs með kerfisbundnum hætti og birta upplýsingar um það opinberlega ásamt áætlun um umbætur.

Áætlun um sjálfsmat Grunnskóla Borgarfjarðar 2025 - 2028			
Skólaár	2025 – 2026	2026 – 2027	2027 - 2028
Svið I – Faglegt samstarf og samræða	1.3 Faglegt samstarf og samræða 1.4 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	1.6 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir 1.8 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	1.2 Stjórnun og forysta 1.5 Umbætur og innleiðing breytinga 1.7 Starfsmannastjórnun og verkaskipting
Svið II - Nám og kennsla	2.4 Gæði kennslu 2.6 Skipulag náms	2.2 Árangur náms 2.3 Vísbendingar 2.8 Ábyrgð og þátttaka	2.1 Inntak náms 2.7 Námsvitund
Svið III - Innra mat	3.1 Skipulag	3.2 Framkvæmd	3.3 Umbætur



Einnig var unnið að sjálfsmati í tengslum við Menntastefnu Borgarfjarðar í vetur.

Yfirmarkmið	Undirmarkmið
Framsækið skólastarf	1. Skólinn er opinn foreldrum og forráðamönnum 2. Skipulagðir eru samráðsfundir með foreldrum 3. Boðið er upp á fjölbreyttar leiðir við verkefnaskil 4. Sjálfbærni og umhverfismálum er tvinnuð inn í skólastarfið 5. Nemendur hafa rödd í ráðum og teyllum innan skólans 6. Leiðsagnarnám er sýnilegt í kennslustofum 7. Áhersla er á frumkvöðlamennt - upplýsinga- og snjalltækni
Vellíðan barna	1. Nemendur hafa aðgang að fjölbreyttri vinnuaðstöðu 2. Kennarar nýta sér aðgerðaráætlun um samskiptavanda/einelti á markvissan hátt 3. Nemendur þekki réttindi sín og finni að jafnrétti ríki í nemendahópnum 4. Komið er til móts við ólíkar þarfir nemenda til náms 5. Starfsmenn eru sér meðvitaðir um nauðsyn þess að nemendum líði vel og að þeir upplifi öryggi og samkennd
Framúrskarandi starfsumhverfi	1. Kennarar nýta sér sóknarfæri í umhverfinu til að efla skólastarf 2. Unnið að gerð hugmyndabanka fyrir kennara innan Borgarbyggðar 3. Innra mat er nýtt til ígrundunar og betra starfsumhverfis 4. Að handleiðsla sé hluti af eflingu mannauðs 5. Starfsmenn hafa tækifæri til þess að sækja sér markvissa endurmenntun

Þróunarstarf og verkefnahópar

Framtíðarfólk

Skólaárið 2024- 2025 var verkefnið Framtíðarfólk sett á laggirnar, með því voru samþætt þróunarverkefni skólans; Grænfáni, Heilsuefning, Leiðtögin í mér og Réttindaskóli Unicef. Markmið verkefnisins var að fá yfirsýn yfir það hvernig unnið væri að þessum markmiðum innan skólans og hvernig skólastarfið undirbyggi nemendur fyrir framtíðina. Verkefnið hélt áfram skólaárið 2025 – 2026 þar sem haldnir voru sameiginlegir fundir kennara. Á þeim voru dregin saman þau verkefni sem verið var að vinna að í skólanum og hvaða áherslupætti ætti sérstaklega að horfa á, en einnig var Forms mikið nýtt. Reglulega fengu kennarar dagatöl



með áhugaverðum dögum og verkefnahugmyndum tengdum þeim. Afraksturinn var birtur á heimasíðu gbf, á undirsíðunni Framtíðarfólk.

Skýrslur kennara

Yngsta stig

Hvanneyri

Allir nemendur byrjuðu daginn á göngu, yndislestri og skrift. Áherslurnar í kennslustofunni voru á lestrarfærni, talnaskilning, lesskilning, sjálfstæð vinnubrögð og félagsfærni. Unnið var eftir hugmyndafræði Byrjendalæsis þar sem nemendur kynntust ólíkum textum, unnu sundurgreinandi vinnu með orð og leyfðu sköpunargáfunni að ráða þegar kom að enduruppbyggingu texta. Í þeirri vinnu var áhersla lögð á að nemendur fengju tækifæri til að glíma við verkefni sem voru aðlöguð að þeirra getu og færni hverju sinni. Í 1. – 5. bekk var unnið meðal annars með söngtextann Eitt af blómunum, Snúðru og Tuðru í jólasþápi, Kugg og þorablótið og Ísland áður fyrr. 1.- 3. bekkur vann með sólkerfið og 4.- 5. bekkur vann með Galdraskólann. Unnið var með verkefni í þyngdarstigum þannig að allir nemendur fengu verkefni við sitt hæfi.

Í stærðfræði var unnið með bækurnar Sprota í 1. - 4. bekk og Stiku í 5. bekk. Kennslan var einstaklingsmiðuð þar sem tekið var tillit til mismunandi getu og þarfa einstaklinga. Í 1.- 5. bekk var stærðfræðileikurinn Evolytes nýttur, unnið var með hann og bók sem honum fylgdi. Leikskólalesturinn hélt áfram frá fyrra skólaári þar sem 1. – 5. bekkur fóru ásamt kennara í leikskólann Andabæ og lásu fyrir leikskólabörnin. Samstarf milli leikskóla og grunnskóla var í hávegum haft þar sem skólahópur kom í heimsókn í kennslustundir á nokkurra vikna fresti. Þá fengu þau ýmist að fylgja í útikennslu, list- og verkgreinar eða stöðvavinnu og fengu einn daginn að borða hádegismat í skólanum. Einnig gekk samstarf við Kleppjárnsreykjadeild vel þar sem nemendur 5. bekkjar fóru í þrjár heimsóknir á Kleppjárnsreyki.

Enska var kennd í öllum bekkjum og var unnið í bókunum Yes we can þar sem lögð er áhersla hlustun, orðaforða og ritun.

Í náttúru- og samfélagsfræði voru tekin fyrir köngulær, ánamaðkurinn, kolkrabbinn, mannslíkamann og fleira. Umræður og allskyns verkefni var mikið unnið með.

Áfram var áhersla lögð á heilsueflingu þar sem nemendur fóru daglega í göngutúr í byrjun skóladags. Skólinn vann verkefni sem sneru að Grænfánanum með því t.d. að tína rusl á Hvanneyri og tíndu ber og gerðu sultu fyrir eldri borgara í nærsamfélaginu. Haldið var áfram með þróunarverkefni í tengslum við Leiðsagnarnám en því innleiðingarferli er nú lokið og verður áfram unnið með í kennslu.

Fyrsti viðburður ársins 2026 var Álfabrennan þar sem nemendur ásamt skólahópi fóru saman í Skjólbeltn og brenndu jólatréð sem hafði verið uppi í skólanum.



Á þemadögum var unnið með undirbúning fyrir árshátíðina þar sem nemendur útbjuggu leikmynd og gerðu búninga. Árshátíðinni var gerð góð skil og sýndu nemendur foreldrum og fjölskyldu Dýrin í Hálsaskógi sem gekk mjög vel. Haldin var auka sýning fyrir eldri borgara og leikskólann.

4. og 5. bekkur fóru í skauta- og menningarferð í byrjun mars og voru kennarar og nemendur hæstánægðir með ferðina. Nemendur heimsóttu Árbæjarsafnið og fóru í heimsókn í Elliðaárvirkjun áður en farið var á skautasvellið. 1.- 3. bekkur fór í menningarferð í Borgarnes þar sem 1. bekkur fór á bókasafnið, 2. bekkur í Brákarhlíð og 3. bekkur á Landnámssetrið.

Útikennslan var á sínum stað og var fjölbreytt að vanda. Nemendur fóru í Skjólbeltin, spiluðu útibingó, skautuðu á svelli þegar veður leyfði og fóru í marga göngutúra um svæðið og tíndu m.a. rusl í nokkrum slíkum ferðum.

Skólaíþróttir voru kenndar í íþróttahúsinu á Hvanneyri þar sem nemendahópnum var skipt í þrjá hópa. Unnið var mikið með hreyfingu í gegnum leiki ásamt því að farið var í hefðbundnar boltaíþróttir. Sundkennslan fór fram í Hreppslaug í þremur nemendahópum. Kennt var í tveimur lotum sem voru 10 skipti að hausti og hver hópur var ofan í lauginni í eina klukkustund í hvert skipti og svo aftur 11 daga að vori.

Í list og verkgreinum skiptust nemendur á að vera í hönnun og smíði, myndlist, heimilisfræði og textílmenn. Allir nemendur hönnuðu sitt verkefni í smíðum og lærðu samsetningu hluta, að pússa, saga út og skreyta. Í sjónlistum unnu nemendur með litatóna og var söngstund á hverjum föstudegi. Í heimilisfræði voru bakaðar ýmsar uppskriftir og fengu nemendur að fara heim með afraksturinn í lok dags. Í



textilmennt völdu nemendur mynd til að sauma krosssaum eftir og 3. – 5. bekkur lærðu einnig að hanna 3D stafi og sauma út orð með myndinni. Eins unnu allir nemendur ýmis önnur verkefni þar sem þau notuðu ólíkan efnivið eins og t.d. leir, steina, textilliti og að sauma í saumavél.

Farið var í vorferðir þetta árið; 1. – 3. bekkur fór í fjöruferð á Langasand á Akranesi þar sem allir skemmtu sér vel við sull og sandmokstur. Á eftir borðuðu þau grillaðar pylsur í skógræktinni. Nemendur 4. – 6. bekkjar fóru að Eiríksstöðum og fengu fræðslu um lífnaðarhætti víkinga, skoðuðu gömul vopn og muni. Í lokin fengu öll grillaðar pylsur. Frábær dagur í alla staði.



Anna Dís Þórarinsdóttir og Anna Helga Sigfúsdóttir

Kleppjárnsreykir

Áherslur í námi þennan veturinn voru á byrjendalæsi, stærðfræði og bekkjarbrag. Einnig var unnið áfram með leiðsagnarnám. Teymiskennsla var í 1.- 4. bekk líkt og undanfarin ár en umsjón var skipt upp í tvo hópa: 1.- 2. bekk og 3.- 4. bekk. Kennslustofur hópsins voru nokkrar þennan veturinn en við hófum veturinn í gámastofum, fluttum síðan í nýja húsnæðið í þær stofur sem urðu síðar miðstigsstofur og um áramótin fluttum við okkur yfir í okkar framtíðar stofur.

Stærðfræði var kennd að hluta til í stöðvavinnu þar sem unnin voru fjölbreytt verkefni, spil og spjaldtölvur voru nýttar í bland við Sprotabækur en einnig var aðgangur að Evolytes leiknum nýttur við vinsældir nemenda.

Ákveðin fög voru samþætt eins og byrjendalæsi, náttúrufræði og samfélagsfræði. Í byrjendalæsi var unnið eftir hefðbundnum aðferðum er snúa að því námi. Lesnar voru bækur út frá ákveðnum markmiðum og unnin fjölbreytt verkefni s.s. skapandi skrif, greinandi vinna, ritun, lestur, lykilorðavinna, rím og vinna með hljóðvitund.

Í samfélagsfræði í 3.- 4. bekk var farið í útskýringar á samfélagi og fyrstu fornsamfélögum. Næst tókum við stutta Íslandssögu frá upphafi til dagsins í dag. Við fórum í landafræði þar sem áherslan var á að þekkja Norðurlöndin, borgirnar þeirra og fána, með ýmsum kortalestri. Enduðum svo á að taka styttri verkefni eins og plánetur, náttúruöfl og dægraskipti.

Lífsleikni í 3.- 4. bekk var kennd í vetur í bland við bekkjafundi. Nemendur horfðu á myndbönd um að líða vel saman af heimasíðu egveit.is. Myndböndin voru svo nýtt í frekari umræður í tengslum við samkennd, tilfinningar og bekkjabrag. Farið í stutta leiki til að styðja við bætt samskipti.



Hjá 1.- 2. bekk var meðal annars unnið með ánamaðka, sveppi, þjóðsögur og mikið spilað. Áhersla á orðaforða og skilning. Mikið unnið með að bæta bekkjarbraginn, þjálfar upp samkennd, samvinnufærni, bæta samskipti sín á milli og að bera virðingu hvert fyrir öðru.

Áfram var lögð áhersla á útinám líkt og síðustu ár og tengt við náttúrufræðikennslu. Vikulega var farið í útikennslu sem var ýmist úti á Læknistúni eða í nærumhverfi skólans. Þar var áhersla á samskipti og samvinnu, unnið var með þann efnivið sem að árstíðirnar buðu upp á og áhrif árstíðanna á náttúruna í kringum okkur. Farið var í ýmsa útileiki og fræðst um lífríkið og heimabyggðina.

3.- 4. bekkur var með einn ensku tíma í töflu hjá sér í vetur. Þar sem nemendur voru á svo breiðu getubili var lögð áhersla á grunnorðaforða með áherslu á ritun. Unnið var með stök verkefnablöð og ákveðið þema tekið fyrir í hverjum tíma. Einnig voru teknar samtalsæfingar og horft á stutt myndbönd.

Í list- og verkgreinum fengu nemendur 40 mínútur á viku allan veturinn í textíl, 80 mínútur á viku 2/3 úr vetri í sjónlistum. Í sjónlistum kynnst nemendur mismunandi tækni s.s. málun, þrykki, mótun í leir, klippa, líma, 3D prentun o.fl. sem hæfir getu hver og eins. Verkefni eru valin



af kennara og hjálpar kennari nemanda að útfæra þau að óskum nemanda, einnig er hlustað á óskir nemenda um verkefnaval. Í textílmennt var verið að nýta sem flestar aðferðir s.s. þrjón, útsaum, sauma á saumavél og vefnað. Smíðakennslan var á hrakhólum í byrjun vetrar en fékk síðar smíðastofu og gerðu nemendur fjölbreytt smíðaverkefni s.s. fuglahús, kúluspil og fleira.

Yngstastigsleikar voru 4. september og hittust deildirnar þrjár á Varmalandi þetta árið og unnið var með náttúruþema. Í október tókum við þátt í verkefni með Landbúnaðarsafni Íslands og Ullarselinu þar sem við fórum þangað tvisvar sinnum í heimsóknir. Þar kynntumst við starfsemi þessara stofnanna. List fyrir alla kom í heimsókn til okkar 12. nóvember.

Fjölgreindaleikarnir voru haldnir í nóvember og þemadagar í nóvember þar sem við tókum fyrir þjóðsögurnar. Litlu jólin voru svo með hefðbundnu sniði 19. desember, hver hópur í sinni stofu. Á seinni þemadögunum í mars var ákveðið að leggja áherslu á vinnu fyrir árshátíð og gekk það mjög vel og nýttist vel. Jón Pétur danskennari kom til okkar í apríl með hópeflis-, dans- og félagsfærninámskeið fyrir öll stig skólans og var það mjög vel lukkað. Gaman að sjá hvað krakkarnir vinna vel saman þvert á aldur.



Í mars fór 1.- 3. bekkur í menningarferð í Borgarnes ásamt öðrum deildum skólans þar sem farið var á þrjá staði, 1. bekkur heimsótti safnahúsið og bókasafnið. 2. bekkur dvalarheimilið Brákarhlíð og 3. bekkur fór á landnámssýninguna á Landnámssetrinu. Í lok ferðarinnar fórum við á Bjössa Róló, lékum og fengum smá nesti.

Árshátíðin var þetta skiptið haldin í nýja matsalnum okkar og voru yngstastigið og miðstigið saman, foreldrum og gestum boðið að koma. Þar sem yngstastigið hafði unnið með þjóðsögurnar um haustið var ákveðið að halda áfram á þeirri braut og setja á svið stutta leikþætti eftir sögunum um Bakkabræður. Auk þess söng 1.- 2. bekkur lagið Amma og draugarnir og 3.- 4. bekkur söng lagið Elli Egils.



Fjórdi bekkur fór í menningarferð til Reykjavíkur 9. apríl þar sem farið var á skauta og í Árbæjarsafnið.

Samstarf leik- og grunnskóla var talsvert og kom leikskólahópur reglulega í heimsókn og tók þátt í daglegu starfi nemenda. 13. maí kom allur hópurinn með skólabílum einn dag og fengu að vera allan daginn. Samstarfið gekk vel þetta skólaárið og féllu fáar heimsóknir niður.

Í maí fórum við í lestrarátak þar sem áhersla var lögð á að auka heimalestur. Stórt tré var hengt uppá vegg og fengu svo nemendur laufblöð, fugla, dýr, hreiður og fl. fyrir hvert skipti sem þau lásu heima. Tréð varð svo smám saman þakið litríkum myndum nemenda. Verðlaunin í lokin var svo hjólaferð upp í Logaland þar sem við fengum okkur skúffuköku, safu og grilluðum sykurpúða.



Á vordögum tóku börnin þátt í gönguferð upp á Skáneyjarsöng og sumir þaðan áfram í skólann. Ratleikur, hoppukastali og árlegur fótboltaleikur þar sem 10. bekkur keppir við starfsfólk var á sínum stað.

Farið var í vorferðir þetta árið. 4.- 6. bekkur fór saman í ferð að Eiríksstöðum í Dalabyggð.

1.- 3. bekkur fór á Langasand, sulluðu þar fram að hádegi en þá var farið yfir í skógræktina á Akranesi þar sem grillaðar voru pylsur og leikið.

Ragnheiður Kr. Grétarsdóttir og Unnur Jónsdóttir

Varmaland

Á skólaárinu 2025-2026 var lögð áhersla á fjölbreytt og skapandi skólastarf þar sem læsi, útikennsla, samvinna og vellíðan nemenda voru í forgrunni. Nemendur tóku virkan þátt í Byrjendalæsi þar sem unnið var með fjölbreyttar bækur, orðaforða, ritun og lesskilning. Markvisst var unnið að lestrarþjálfun og regluleg lestrarátök haldin yfir veturinn með góðri þátttöku heimila. ÍSAT kennsla var í blandi við stöðvavinnu og í einstaklingslingsþjálfun en markmiðið er að efla erlenda nemendur í íslensku með því að fylgja markmiðum Aðalnámskrár í tengslum við



forstígg, 1. stígg, 2. stígg og 3. stígg. Einnígg var áhersla löggð á stærðfræði, skríft, náttúrufræði og samþætt verkefni sem tengdust daglegu lífi og nærumhverfi nemenda. 1.- 2. bekkur var í samkenndslu og 3.- 4. bekkur var í samkenndslu. Byrjendalæsi var unnin í stöðvum þar sem nemendum var blandað þvert á aldur og allir fengu verkefni við hæfi. Sproti var aðalnámsefnið í stærðfræði en einnig var notast við Evolytes og önnur skemmtileg verkefni. Enska var kennd einu sinni í viku, 40 mín í senn hjá 3.- 4. bekk en 1.- 2. bekkur var í ensku aðra hvora viku.

Útikennsla var stór þáttur í skólastarfinu. Nemendur gróðursettu birkiplöntur, skoðuðu náttúruna, unnu mælingar, gerðu tilraunir með flot, lærðu um fugla og spendýr, tíndu rusl í nærumhverfinu og bökuðu yfir opnum eldi. Samhliða þessu var unnið með Grænfánaverkefnið og sjálfbærni sem dæmi tíndum við ber um haustið sem nýttust við bakstur í heimilisfræði og einnig fórum við í skógin og náðum okkur í jólatré.

Mikil áhersla var löggð á félagsfærni, samvinnu og jákvæð samskipti. Nemendur tóku þátt í ýmsum sameiginlegum verkefnum, ratleikjum, söngstundum, þemavikum og heimsóknum. Samstarf við leikskólann Hraunborg var reglulegt og stuðlaði að góðum tengslum milli skólastíga. Einnig fengu nemendur heimsóknir frá samfélagslögreglu, slökkviliði, rithöfundum, listafólki og öðrum gestum sem auðguðu skólastarfið.

Árshátíðin var stór og mikilvægur viðburður á vorönn þar sem nemendur sýndu leikrit byggt á verkefnum vetrarins. Það voru fjórir stuttir leikþættir úr Línu langsokk, Emil í Kattholti, Kardemommubænum og Dýrunum úr Hálsaskógi. Undirbúningur einkenndist af samvinnu, leikgleði og sköpun og stóðu nemendur sig afar vel á sýningunni. Aðrir viðburðir eins og



menningarmót, dansvika, sundlaugarparty, náttfatadagur, jólaverkefni og ýmsir þemadagar settu skemmtilegan svip á skólaárið.

Í hringekjutímum unnu nemendur einnig með smíði, heimilisfræði, myndmennt, sköpun, ART og upplýsingatæknimennt, þriðjung úr vetri 80 mín. kennslustundir. Í myndmennt voru kenndar mismunandi aðferðir við listsköpun og verk útvaldra listamanna kynnt fyrir nemendum. Öll listaverk voru hengd upp til sýnis í skólanum. Í heimilisfræði var bæði eldað og bakað, einnig var bóklegur tími þar sem farið var yfir næringu, eldhúsáhöld og bornar



saman matarvenjur mismunandi tímabíla. Nemendur fengu með sér heim afraksturinn þegar það var hægt en einnig var tekið fyrir borðsiðir þegar við elduðum og borðað saman. Í upplýsinga- og tæknimennt fóru nemendur í gegnum aðferðir til að leita að upplýsingum á netinu, taka þær niður og vísa til þess hvaðan þau fengu þær. Einnig var lögð áhersla á að læra hvernig gögn eru geymd á eigin svæði. Aðferðir við notkun tækja til náms eru áherslupunktur. Í sköpun fengu nemendur í 1.– 4. bekk tækifæri til að efla sköpunargáfur sínar, frumkvæði og sjálfstæða hugsun. Unnið var með fjölbreytt verkefni þar sem lögð var áhersla á samvinnu, lausnaleit og gleði í námi.

Textílmennnt var kennd í 4 hópum, hver hópur fékk 40 mín á viku í ½ hluta vetrar. Kennari lagði fyrir ákveðin verkefni til að kenna ólíkar aðferðir og notuð var sýnikennsla til að koma til móts við nemendur með annað tungumál. Einnig voru orð yfir það sem notað voru í kennsluna gerð sýnileg myndrænt á veggjum stofunnar. Nemendur fengu síðan val um önnur verkefni eftir því sem tími og færni leyfði s.s. vélsaum, útsaum, þrjón, hekl o.fl. Íþróttir voru kenndar þrisvar sinnum í viku og sund einu sinni fram að áramótum, eftir áramót voru íþróttir þrisvar í viku og sundlota í tvær vikur að vori. Markmið var að auka færni, þátttöku og jákvæða upplifun hreyfingar og að nemendur lærðu helstu grunnhreyfingar, næðu færni í að vera þátttakendur í leikjum og upplifðu tap og sigra. Að nemendur upplifðu hreyfingu á jákvæðan hátt og allir tækju þátt og fengju útrás fyrir hreyfipörf sína. Sundkennsla fór fram með hefðbundum hætti. Æfingar í leikjaformi og niðurbrot sunds þar sem einstaka þættir sundsins voru þjálfaðir. Svæðið í kring um skólann var nýtt sem best var á kosið til fjölbreyttra verkefna.

Nemendur tóku einnig þátt í heimsóknum milli deilda Grunnskóla Borgarfjarðar, menningarferðum og opnu húsi þar sem foreldrum og gestum gafst kostur á að kynna sér skólastarfið. Samstarf heimila og skóla var gott og foreldrar studdu vel við heimalestur, verkefnavinnu og viðburði vetrarins. Einnig var unnið frábært verkefni, í samstarfi við leikskólann Hraunborg, sem kallast Menningarmót. Þar gerðu nemendur söguveg sem er tímalína ævi þeirra ásamt því að safna í kistu því sem er þeim dýrmætt. Nemendur leik- og grunnskólans sýndu afrakstur þessarar vinnu á opnu húsi í lok október.



Skólaárið einkenndist af góðum starfsanda, mikilli virkni nemenda og fjölbreyttu námi þar sem lögð var áhersla á gleði, ábyrgð, samvinnu og framfarir allra nemenda.

Farið var í vorferð næst síðasta skóladaginn. 1. – 3. bekkur fór á Akranes þar sem farið var í fjöruna (Langasand) og svo í skógræktina að grilla og leika. 4. bekkur fór með 5.- 6. bekk í Dalina að skoða Eiríksstaði. Síðasti skóladagurinn var leikjadagur þar sem byrjað var á hinni árlegu fótboltakeppni milli nemenda og starfsmanna. Erna og Kristín komu með þrjá hesta og var teymt undir þeim nemendum sem vildu, einnig var í boði að leika sér með útidótið okkar. Dagurinn endaði svo á sundlaugapartý og hamborgaragrillveislu.

Erna Sigurðardóttir og Guðrún Andrea Einarsdóttir

Miðstig

Á skólaárinu var lögð áhersla á að skapa jákvætt, öruggt og hvetjandi námsumhverfi þar sem nemendur fengu tækifæri til að efla bæði námslega og félagslega færni. Mikil áhersla var lögð á samvinnu, vinnufrið, ábyrgð í námi, góð samskipti og vellíðan nemenda. Unnið var markvisst að heilsuefningu og jákvæðum skólabrag yfir skólaárið með fjölbreyttum verkefnum, viðburðum og uppbroti í skólasterfinu.

Kennslan var fjölbreytt og samþætt eftir fremsta megni. Nemendur fengu reglulega verkefni sem reyndu á sjálfstæð vinnubrögð, sköpun, lausnaleit og samvinnu. Leiðsagnarnámið var haft að leiðarljósi og áætlanir, námsmat og skipulag kennslu unnið eftir þeirri uppsetningu.

Í íslensku er lögð áhersla á lestrarfærni og lesskilning. Haldið var áfram með stöðvavinnu þrisvar sinnum í viku þar sem áhersla var lögð á ritun, hlustun og lestur. Hver bekkur var svo í bókmenntartímum þar sem lesið var fjölbreytt úrval bóka og texta.

7. bekkur æfði upplestur og tók þátt í Upplestrarkeppni Vesturlands. Þá fóru nemendur og lásu fyrir eldri borgara í Brún í tengslum við dag íslenskrar tungu. Allir nemendur tóku svo ný stöðu- og framvindupróf í lesskilningi í marsmánuði.

Nemendur með íslensku sem annað mál fengu 6 tíma á viku í ÍSAT kennslu þar sem þeir voru teknir út úr bekk ýmist einir eða í litlum hópum. Þess á milli fengu þeir kennslu inni í sínum bekkjum. Áhersla í ÍSAT kennslu er miðuð út frá útgefnum viðmiðum á hverju stigi námsins (forstig - 3. stig).

Í stærðfræði var lögð mikil áhersla á rökhugsun, stærðfræðiþrautir og fjölbreytt verkefni. Unnið var með einstaklingsmiðaðar áætlanir og markmið þar sem nemendur fengu tækifæri til að vinna á sínum hraða og út frá eigin styrkleikum. Nemendur þreyttu einnig samræmt matsferilspróf í stærðfræði í marsmánuði. Í vetur var farið í að endurskoða og uppfæra stærðfræðiáætlanir með það að markmiði að leggja aukna áherslu á grunnatriði og tæknilega færni í upphafi hvernar lotu. Eftir því sem líður á lotuna er aukin áhersla lögð á dýpri skilning, lausnaleit og verkefni þar sem nemendur geta nýtt stærðfræðina á hagnýtan hátt og tengt hana við daglegt líf.

Náttúru- og samfélagsfræði var kennd í lotum þar sem ákveðið viðfangsefni var tekið fyrir í upphafi hvernar lotu og nemendur fengu síðan tækifæri til að kafa dýpra í efnið með fjölbreyttum og nokkuð frjálsum verkefnaskilum. Áhersla var lögð á verklega vinnu, samvinnu, rannsóknarvinnu og samþættingu námsgreina.

Sjálfbærni og umhverfismennt voru einnig stór þáttur í náminu. Nemendur lærðu um flokkun, áhrif eiturefna og annarra óæskilegra efna á náttúruna og mikilvægi umhverfisverndar. Í tengslum við plöntufræði settu nemendur niður ýmis fræ og fylgdust með spírun og vexti plantna. Þeir skráðu jafnframt niðurstöður sínar og athuganir í einfaldar tilraunaskýrslur þar sem skoðuð voru áhrif vaxtarskilyrða á plöntur.

Í samfélagsfræði var meðal annars unnið með Norðurlöndin á fjölbreyttan hátt þar sem nemendur unnu margvísleg verkefni tengd menningu, samfélagi og sögu landanna. Einnig var unnið með norræna goðafræði í samþættingu við íslensku þar sem nemendur kynntust goðsögum og áhrifum þeirra á menningu og bókmenntir. Nemendur fengu jafnframt fræðslu



um helstu trúarbrögð heimsins, báru saman trúarbrögð, og ólíka siði og fengu þannig aukinn skilning á fjölbreytileika ólíkra samfélaga og menningarheima.

Útikennsla er stór þáttur skólastarfsins og fengu nemendur tvær kennslustundir á viku í útikennslu þar sem lögð var áhersla á náttúruupplifun, hreyfingu og skapandi vinnu. Nemendur tóku þátt í fjölbreyttum verkefnum tengdum náttúrufræði, umhverfismennt, samvinnu og lausnaleyti. Samhliða þessu var unnið markvisst með forvarnir, félagsfærni, sjálfsmynd, vellíðan, jákvæða netnotkun og góð samskipti með það að markmiði að efla bæði félagslega og námslega færni nemenda.

Í sjónlistum og textíl fengu nemendur 80 mínútur á viku 1/4 úr vetri í hvorri grein. Í sjónlistum kynntust nemendur mismunandi tækni s.s. málun, þrykki, mótun í leir, klippa, líma, 3D prentun o.fl. sem hæfir getu hvers og eins. Verkefni eru valin af kennara og hjálpar kennari nemanda að útfæra þau að óskum nemanda en einnig er hlustað á óskir nemenda um verkefnaval. Gerð eru verkefni sem tengjast frumbáttum myndlistar.

Í textílmenn er reynt að nota sem flestar aðferðir s.s. þrjón, útsaum, sauma á saumavél, vefnað og fleira. Sýnikennsla er megin kennsluaðferðin en einnig eru nemendur hvattir til að hjálpa hver öðrum.

Í hönnun og smíði komu nemendur með hugmyndir og reynt var að útfæra þær eins og hægt var. Þegar veður leyfði var farið í útismíði þar sem unnið var við smíði á 15 m² húsi.

Nemendur fengu einnig einn tíma á viku í myndlistar- og textílstofu sem nýttist ýmist til að spila stærðfræðispil og læra ný spil eða til listsköpunar t.d. fyrir Barnamenningarhátíð.

Allir nemendur fá þrjár kennslustundir á viku í íþróttum. Áhersla er lögð á að íþróttatímarnir hæfi getu og þroska nemenda og að þeir læri að virða þær reglur sem fara verður eftir í leikjum og öðrum íþróttum. Lögð er áhersla á styrkjandi og liðkandi æfingar sem leggja grunn að þreki og líkamsreisni hvers nemanda.

Í sundi fengu nemendur eina kennslustund á viku. Áhersla er lögð á að sundtímar hæfi getu og þroska nemenda, einnig að þeir læri að hlíta fyrirmælum og öryggisatriðum sundstaða og öðlist skilning á þeim hættum sem fylgja sundiðkun. Á miðstigi aukast kröfurnar síðan jafnt og þétt þar sem mikil áhersla er lögð á björgunarsund.

Yfir skólaárið tóku nemendur þátt í fjölbreyttum viðburðum og þemadögum, meðal annars miðstigsleikjum, fjölgreindarleikum, þemadögum í stærðfræði, heimspeki og siðfræði, söngvarakeppni og árshátíðarverkefnum. Mikil áhersla var lögð á skapandi vinnu og samvinnu þar sem nemendur fengu tækifæri til að vinna saman að leikritagerð, þrautalausnum og fjölbreyttum verkefnum.

Í desember var jólastemning ríkjandi með föndurdegi, piparkökubakstri, þemafatadögum og leynivinaleik. Nemendur tóku virkan þátt í að skapa notalegt samfélag og gleði innan skólans. Einnig voru reglulega haldnar söngstundir og heimsóknir frá rithöfundum, fyrirlesurum og öðrum gestum sem auðuguðu skólastarfið.

Þemadagar voru áberandi þáttur skólastarfsins þar sem nemendur fengu að vinna skapandi og samþætt verkefni í tengslum við meðal annars heimspeki, siðfræði, stærðfræði, leiklist og

bókmenntir. Sérstaklega vel tókst til með árshátíðarverkefni þar sem nemendur sömdu og settu upp eigin leikrit byggð á bókum Ævars Þórs Benediktssonar.

Ferðir og vettvangsferðir voru fjölbreyttar á árinu. Nemendur í 5. bekk fóru í skauta- og menningarferð og heimsókn í Elliðaárstöð. 6. bekkur fór meðal annars í siglingu um Sundin blá og heimsókn í Elliðaárstöð. 7. bekkur tók þátt í ýmsum viðburðum, þar á meðal Skólahreysti og Upplestrarkeppni, skellti sér í Bláfjöll á skíði og fór að sjálfsgöðu í skólabúðir á Reykjum.

Á vormánuðum var mikið um líf og fjör í skólastarfinu. Jón Pétur kom til okkar með félagsfærnihreyfidansnámskeiðið sitt. Við fengum til okkar fyrirlestur um líðan. Opið hús var haldið þar sem nemendur sýndu afrakstur verkefna sinna og tóku á móti gestum.

4.- 6. bekkur fóru í vorferð á Eiríksstaði og síðasta vika skólaársins einkenndist af uppbrotsdögum þar sem nemendur fengu að njóta samveru, útivistar og leikja áður en þeir héldu glaðir og sátir inn í sumarfríð.

Guðný Jórunn Gunnarsdóttir, Hermann B. Valsson og Sæunn Ósk Kjartansdóttir

Unglingastig

Veturinn hófst á árlegri hópeflisferð unglingastigs og fengu nemendur að þessu sinni að kjósa um hvert yrði farið. Nemendur kusu flestir að hafa sama fyrirkomulag og árið áður og var því farið í Einkunnir að leika og grilla og að lokum gist í Brautartungu.

Þriðja árið í röð voru engir skilgreindir umsjónarhópar og gátu nemendur leitað jafnt til umsjónarkennaranna þriggja og valið hjá hverjum þeir vildu vera í foreldraviðtölum. Nemendum var yfirleitt kennt í sínum árgöngum en einnig voru nokkrar kennslustundir þar sem allur hópurinn var saman í vinnutíma. Í vinnutímum gátu nemendur ákveðið sjálfir hvar þeir sátu, með hverjum og í hvaða efni þeir unnu. Mikil áhersla var lögð á sjálfstæði nemenda og að þeir sýndu ábyrgð á sínu námi. Haldið var áfram með símat í flestum námsgreinum, það gefur nemendum færi á því að vinna lotur á sínum hraða og hverri lotu fylgir lotupróf, en það hefur gefist mjög vel síðustu ár og gekk áfram vel í ár. Rafrænum verkefnaskilum fór fjölgandi ár frá ári, nemendur eru komnir uppá lagið með að vinna verkefni í tölvum og skila annaðhvort í skilahólf á Teams eða með því að deila skjali með viðkomandi kennara.



Árshátíðaratriði unglingastigs þetta árið var uppsetning á bíómyndinni Stella í orlofi.

Unglingastigið hélt sér árshátíð og setti sýninguna upp í Logalandi. Allir nemendur komu að uppsetningunni á einhvern hátt, sem leikarar, tæknifólk, leikmyndahönnun o.s.frv. Sýningin

tókst einstaklega vel og nemendur fengu þar tækifæri til að sýna hæfileika sína í leik og tónlist.

Nemendur fengu þrjár kennslustundir á viku í íþróttum. Áhersla var lögð á að íþróttatímarnir hæfðu getu og þroska nemenda og að þeir lærðu að virða þær reglur sem fara verður eftir í leikjum og öðrum íþróttum. Lögð var áhersla á styrkjandi og liðkandi æfingar sem leggja grunn að þreki og líkamsreisn hvers nemanda. Sund var ein kennslustund á viku og eiga nemendur að vera búnir að ná tökum á bringusundi, skriðsundi, baksundi, flugsundi og björgunarsundi.



Nemendur með íslensku sem annað mál fengu 6 tíma á viku í ÍSAT kennslu þar sem þeir voru teknir út úr bekk ýmist einir eða í litlum hópum. Þess á milli fengu þeir kennslu inni í sínum bekkjum. Áhersla í ÍSAT kennslu er miðuð út frá útgefnum viðmiðum á hverju stigi námsins (forstigi - 3. stig).

Valtímar á unglingastigi eru sex kennslustundir á viku auk áhugasviðsvals. Nemendur völdu sér fag fjórum sinnum yfir veturinn. Valáfangar veturinn 2025-2026 voru: heimilisfræði, skák, útiöldun, forritun, málun, goðafræði, kvikmyndir, smíði, verkefnavinna, sögugerð, textíll, fótbolti, myndmennt, spil, heimspeki, leiklist, umferðaskilti, spænska, tónlist, útivist, tálgun og hinseginfræðsla.

Í fyrravetur hófst Nordplus verkefni og í vetur hélt þátttaka unglingstigs áfram ásamt skólum frá Danmörku og Finnlandi. Yfirskrift verkefnisins var „Cultural heritage“ eða „menningararfleifð“. Í vetur fóru nemendur frá GBF til Finnlands og nemendur frá bæði Finnlandi og Danmörku komu og voru í heimsókn í GBF. Þessu verkefni er nú lokið og hefur skólinn fengið styrk til að taka þátt í öðru Nordplus verkefni næstu tvö árin. Nemendur lærðu mikið á þessum ferðum og mikil vinátta myndast á milli landa sem mun vonandi endast um langa tíð.



Elena Lobko, Vigdís Sigvaldadóttir og Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir



Nemendafélag

Nemendafélagið Framtíðin tók til starfa aftur eftir sumarfrí og tók Vigdís Sigvaldadóttir við umsjón þess. Kosið var í stjórn nemendafélagsins í lok ágúst og sátu í stjórninni Guðmundur Þór Eggertsson (10.b) formaður, Sesselja Narfadóttir (10.b) gjaldkeri, Baldur Karl Andrason (9.b) varaformaður, Helga Laufey Hermannsdóttir (9.b) ritari og Þórdís Inga Bjarnadóttir (8.b) meðstjórnandi. Haldnir voru fundir reglulega yfir skólaárið og gekk starfið einstaklega vel og stjórnin vinnusöm og samheldin.

Fyrsti viðburður vetrarins var pílu og pítsu kvöld þar sem öllum á unglingastigi og foreldrum þeirra var boðið í Logaland. Nemendafélagið seldi pítsur, gos og sælgæti og var ágætlega vel mætt. Nemendafélagið stefnir að því að gera unglingakvöld að hausti að hefð og vonar eftir betri mætingu næst. Í októberlok var hrekkjavakan með hefðbundnu sniði, nemendafélagið útbjó draugagang í einni kennslustofu og var öllum nemendum Kleppjárnsreykja-deildar boðið að ganga þar í gegn. Í síðustu kennslustund dagsins var síðan öllum boðið í danspartý í íþróttahúsinu. Í desember ætlaði nemendafélagið að standa fyrir jólabíói og tónlistarbingói en því var aflýst vegna veðurs og ákveðið að reyna aftur á næsta ári. Desember var þó ekki án viðburða með öllu því í síðustu viku fyrir jólafrí var nemendafélagið með fatnaðarpema á hverjum degi. Pemað var auglýst fyrir allan skólann og var gaman að sjá hversu margir tóku þátt og var upplifunin sú að þetta tengdi saman eldri og yngri nemendur skólans.

Í janúar var söngvarakeppni GBF og nemendafélagið sá þar um skreytingar og sölu á góðgæti. Keppnin var að þessu sinni inni í nýja matsalnum á Kleppjárnsreykjum og var því nóg pláss fyrir söluna og auðveldlega gekk að afgreiða. Um miðjan febrúar var öskudagur og hélt nemendafélagið ball í íþróttahúsinu fyrir nemendur. Nemendur slógu köttinn úr tunnunni, dönsuðu og höfðu gaman saman. Í maí voru foreldrar á unglingastigi með lokahóf með mat og sundpartý og báðu þeir nemendafélagið um að vera með klukkutíma skemmtun fyrir mat. Nemendafélagið útbjó myndband þar sem gert var létt grín að nemendum og kennurum, sömdu Kahoot keppni og voru með tónlistarbingó. Sá viðburður heppnaðist einstaklega vel og mættu meirihluti nemenda og foreldrar þeirra. Nemendur voru duglegir að sækja böll og skemmtanir á Vesturlandi eins og SamVest, Lyngbrekkuballið og Æskulýðsballið og heyrðist á nemendum að þeir hefðu skemmt sér mjög vel á þeim viðburðum.

Vigdís Sigvaldadóttir

Smiðjuhelgar

Nemendur 8. - 10. bekkja GBF eru með skerta stundatöflu. Til þess að uppfylla kröfur um 37 stunda tíma viðmið hefur verið farin sú leið að vera með svokallaðar smiðjuhelgar tvisvar sinnum á vetri. Fyrri helgin var 17.- 18. október og seinni helgin 17.- 18. apríl. Nemendur 8. - 10. bekkja urðu eftir í skólanum að lokinni kennslu á föstudegi, unnu í smiðjum frá kl. 14:30 - 18:45, fengu kvöldmat og gistu í skólanum. Næturgæsla er alltaf í höndum foreldra. Á laugardegi var unnið frá kl. 9:00 - 14:00. Foreldrar sóttu nemendur að lokinni vinnu. Undanfarna vetur hafa nemendur frá Auðarskóla og Reykhólaskóla komið og tekið þátt í smiðjuhelgi. Pennan vetur bættust nemendur frá Hólmavík og Drangsnesi í hópinn. Á fyrri smiðjuhelginni var boðið uppá eftirtaldar smiðjur: Björgunarsveitarsmiðju, fótboltasmiðju,



sjálfsvarnarsmiðju, eldsmiðju og rafmagnssmiðju. Á seinni smiðjuhelginni var unnið í eftirtöldum smiðjum: blaksmiðju, leiklistarsmiðju, myndlistarsmiðju, reiðtygjagerð og reiðmennsku.